

Föstudaginn 21. október 1988.

Nr. 48/1987. **Jóhann Þorvaldsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Sjómenn. Siglingalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. janúar s.á. Dómkröfur eru þessar:

„Að stefndi greiði áfrýjanda kr. 1.000.000 með 34% ársvöxtum frá 17. febrúar 1982 til 31. október 1982, með 42% ársvöxtum frá 1. nóvember 1982 til 20. september 1983, með 35% frá 21. september 1983 til 20. október 1983, 32% frá 21. október 1983 til 20. nóvember 1983, 27% frá 21. nóvember 1983 til 20. desember 1983, 21,5% frá 21. desember 1983 til 20. janúar 1984, 15% frá 21. janúar 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% til 11. október 1987 til 31. október 1987, 20% frá 1. nóvember 1987 til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá 11. júní til 20. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá 21. júní til 31. júlí 1988, með 26% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 20. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá 21. ágúst 1988 til 31. ágúst 1988 og 12% ársvöxtum frá 1. september 1988 til uppkvaðningar dóms Hæstaréttar, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni.

Þess er krafist, að vextir sem falli á kröfuna eftir 1. febrúar 1985 bættist við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986 og vextir reiknist síðan af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Málkostnaðar er krafist úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega. Hann krefst málkostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal skýrsla skipverjans Páls Friðjónssonar fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins 30. september 1986, skýrsla Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns um afdrif landgangs þess sem fjallað er um í málinu og gögn um landgang sem keyptur var í hans stað. Í síðast greindri skýrslu kemur fram að fyrri landgangurinn hafi eyðilagst á árinu 1986 og verið hent fyrri hluta árs 1987.

Af hálfu áfrýjanda var því lýst yfir fyrir Hæstarétti að hann hafi fengið greiddar bætur sem honum bar samkvæmt váttryggingu er stefndi keypti í samræmi við bráðabirgðaákvæði við siglingalög nr. 66/1963, sbr. lög nr. 25/1977, sem í gildi voru er slysið varð.

Slysið virðist í upphafi ekki hafa verið það alvarlegt að stefnda hafi borið að láta sjópróf fara fram, en er síðar kom í ljós hversu alvarlegar afleiðingar urðu af meiðslunum átti áfrýjandi kost á því að hlutast til um sjópróf þar sem stefndi hafði ekki frumkvæði að því.

Óumdeilt er að áfrýjandi var við störf sem stýrimaður er slysið varð. Bar honum sem yfirmanni að kunna skil á réttum handtökum við að koma landganginum fyrir og gæta nauðsynlegrar varúðar. Telja verður sannað að áfrýjandi hafi verið undir áhrifum áfengis er umræddur atburður gerðist.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ekki talið fram komið að áfrýjandi hafi hlotið meiðsli sín með þeim hætti að fébótaábyrgð á tjóni hans verði lögð á stefnda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóhanns Þorvaldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og
Guðmundar Skaftasonar.**

Við erum sammála niðurstöðu meirihlutans og forsendum að öðru leyti en þeim röksemdum, er lúta að sjóprófi vegna slyss áfrýjanda, sem við viljum orða svo:

Slysið virðist í upphafi ekki hafa verið það alvarlegt, að stefnda hafi borið að láta sjópróf fara fram, en er síðar kom í ljós, hversu alvarlegar afleiðingar urðu af meiðslunum, var það áfrýjanda að eiga frumkvæði að því að sjópróf væri haldið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. maí sl., hefur Jóhann Þorvaldsson stýrimaður, nnr. 5002-8895, Bólstaðarhlíð 22, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 29. febrúar 1984 á hendur Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.000.000,00 með 37% ársvöxtum frá 17. febrúar 1982 til 31. október s.á., með 45% ársvöxtum frá 1. nóvember s.á. til 20. september 1983, með 37% ársvöxtum frá 21. september s.á. til 20. október s.á., með 32% ársvöxtum frá 21. nóvember s.á. til 20. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá 21. janúar s.á. til birtingardags stefnu og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ skv. reikningi á dskj. nr. 23 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi af útlögðum málskostnaði kr. 4.655,00, en af kr. 13.877,00 frá 20. mars 1986 til greiðsludags.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði algjörlega sýknaður, en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að hann hafi ráðist í skipsrúm hjá stefnda á m/s Grundarfoss í ferð 3.-17. febrúar 1982. Hafi hann verið ráðinn háseti í upphafi ferðar og hafi átt að taka við starfi annars stýrimanns þegar skipstjórinn færi frá borði í leyfi, og hafi stefnandi verið skráður annar stýrimaður frá 12. febrúar 1982, en skipið hafi þá siglt frá Antwerpen til Grundartangahafnar. Ekki hafi verið ráðinn háseti í stað stefnanda og hafi því einungis verið einn háseti um borð í skipinu, en þeir hafi verið tveir í utanferðinni.

Stefnandi hafi verið við vinnu meðan verið var að binda m/s Grundarfoss. Þar sem háseta vantaði hafi hann hjálpað til við að bera landganginn sem sé óvenjulega þungur. Þar sem stefnandi tók undir landganginn hafi reynst vera skörp egg og hafi stefnandi skorist illa á vísifingri hægri handar. Hafi farið sundur taug (nervus volaris ulnaris), svo að stefnandi geti hvorki rétt úr fingrinum né kreppt hann að fullu. Þá sé kraftur fingursins talinn skertur, svo og grip milli þumalfingurs og vísifingurs lélegra en áður.

Sjópróf hafi ekki farið fram vegna slyssins.

Stefán Bogason læknir hafi metið örorku stefnanda þannig:

„Frá slysdegi í 5 mánuði örorka	100%
eftir það í 2 mánuði	50%
varanleg örorka	10%

Þórir Bergsson cand. act. hafi reiknað út örorkutjón stefnanda.

Samkvæmt útreikningum hans á dskj. nr. 21, dags. 17. mars 1981, sé verðmæti vinnutekjutaps stefnanda á slysdegi miðað við einfalda vexti og 6% afvöxtum eftir 1. apríl 1986, en miðað við almenna sparisjóðsvesti Landsbanka Íslands á hverjum tíma tímabilið milli þess dags og slysdags kr. 573.647,00.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

Örorkubætur	kr. 750.000,00
Miskabætur	250.000,00
	Kr. 1.000.000,00

Stefnufjárhæð sé m.a. miðuð við þá verðbólgu sem verið hafi í landinu fram að áramótum 1983/1984, og þyki rétt að hafa hana í hærra lagi, þannig að ekki þurfi að framhaldsstefna og tapa rétti þótt málinu yrði áfrýjað.

Sættir hafi verið reyndar árangurslaust.

Rök stefnanda séu þau að fingurmein hans megi rekja alfarið til atvika er stefndi beri ábyrgð á, annars vegar með því að m/s Grundarfoss hafi ekki verið nægilega mannaður í umræddri ferð, svo að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka þótt hann væri stýrimaður, og hins vegar til van-

búnaðar á nefndum landgangi sem hafi verið hættulegur þeim er unnið hafi við að færa hann. Jafnframt sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttarins. Því sé haldið fram að þar sem stefndi hafi látið hjá líða að halda sjópróf vegna slyss þessa beri stefndi sönnunarbyrði fyrir því að tjón stefnanda hafi orðið af ástæðum sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Stefndi styður kröfur sínar eftirfarandi rökum: Hvað varði sönnunarbyrðina sé sérstaklega á það bent að talið hafi verið að allra dómi að um minni háttar óhapp hefði verið að ræða, og sé það staðfest af stefnanda sjálfum á dskj. nr. 5, þar sem læknirinn bóki eftir stefnanda eftirfarandi: „Þetta virtist í fyrstu ekki mikill áverki og hann fór á Sjúkrahúsið á Akranesi þar sem skurðurinn var saumaður saman þann sama dag, eða 17.02. 1982.“

Jafnframt liggi það fyrir í málinu að stefnandi hafi farið nokkrum dögum síðar á M/s Selnes og starfað þar sem stýrimaður til 25. mars. Það væri að elta óstöðugan ef halda skyldi sjópróf í hvert sinn sem starfsmaður fengi skeinu á hönd, og stefnda verði þannig ekki gefið að sök að hafa ekki óskað eftir sjóprófi þegar í stað. Megi jafnframt benda á það að stefnandi sjálfur láti líða hálf tann áður en hann tilkynnir stefnda um áverka sinn og afleiðingar slyssins.

Varðandi það atriði að skipið hafi ekki verið nægilega mannað í umræddri ferð og að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka, þótt stýrimaður væri, sé líka úr lausu lofti gripið. Á skipinu hafi verið þrír undirmenn, þ.e. bátsmaður, háseti og viðvaningur. Í samningum sé þess getið að á skipum af þessari stærð skuli vera tveir fullgildir hásetar og tveir viðvaningar. Það sé fullkomlega heimilt að hafa færri menn, enda skiptist þá kaup þess sem vantar á milli þeirra sem starfandi séu. Vísist um það atriði til samninganna. Í greinargerð sinni byggir stefndi m.a. á því að stefnandi hafi verið á frivakt er slysið varð, en í munnlegum málflutningi var ekki byggt á því atriði. Stefndi hafi óbeðinn tekið undir landganginn með Páli Friðjónssyni bátsmanni, sem hafi unnið ásamt tveimur öðrum mönnum við að koma landganginum fyrir, og hafi hann jafnframt verið vitni að slysinu. Bátsmaðurinn Páll telji að verk þetta sé auðunnið af þremur mönnum, þ.e. að flytja landganginn til, og jafnframt ættu tveir að geta gert það. Þannig verði ekki talið að um saknæmisverknað starfsmanna stefnda sé að ræða þegar stefndi óbeðinn hafi hlaupið til að aðstoða við að færa landganginn. Því sé haldið fram að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis, og algjörlega sé ósannað að hann hafi yfirleitt skaddast á landganginum sjálfum því hann muni hafa hrasað og borið fyrir sig höndina. Kunni hann að hafa meiðst við það.

Hvergi hafi komið fram að um vanbúnað hafi verið að ræða á landganginum; það sé fyrst lögfræðingur stefnanda sem fundið hafi þennan galla nokkrum árum eftir að slysið varð.

Hvað fjárhæðir snertir þá sé þeim mótmælt lið fyrir lið tölulega séð. Þórir Bergsson hafi á dskj. nr. 6 reiknað út örorkutjón stefnanda, en eftir því hafi ekki verið farið á nokkurn hátt í kröfugerð. Fara beri eftir útreikningsaðferð I á dskj. nr. 21, þar sem notaðir séu samsettir vextir. Þá beri að taka tillit til þess að stefnandi var í vinnu hluta af þeim tíma, sem hann sé talinn 100% öryrki skv. örorkumati, og hafi hann aðeins verið frá vinnu í 109 daga.

Sérstaklega sé á það bent að stefnandi hafi hækkað dómkröfur sínar vegna örorkubóta upp í kr. 750.000,00 án nokkurs sérstaks rökstuðnings. Þá skuli á það bent að frá niðurstöðu tryggingafræðingsins beri að draga allt að 35% vegna eingreiðslu og skattfríðinda. Þá beri að draga frá hugsanlegum bótakröfum greiðslur sem stefnanda kunni að hafa borist frá Tryggjastofnun ríkisins og stefnda.

III.

Kröfur sínar byggir stefnandi, eins og áður greinir, annars vegar á því að skipið hafi ekki verið nægilega mannað þegar slysið varð, þannig að hann hafi orðið að ganga til hásetaverka, og hins vegar að vanbúnaður hafi verið á landgangi.

Upplýst er að á þeim tíma sem slysið varð voru á skipinu þrír undirmenn, bátsmaður, háseti og viðvaningur, sbr. dskj. nr. 4. Í samningi milli Eimskipafélags Íslands og fl. annars vegar og Sjómannafélags Reykjavíkur hins vegar, gr. 2.12.a. segir að á skipum 100-500 brl. skuli vera minnst 2 fullgildir hásetar og 2 viðvaningar. Sé ákvæði þetta skoðað í samhengi við gr. 1.11.b. er ljóst að ákvæðið er frávikjanlegt. Fjöldi undirmanna á skipinu, þegar slysið varð, telst því ekki brot á samningi.

Ber þá að líta til þess hvort skortur á undirmönnum hafi leitt til þess að stefnandi hafi orðið að ganga til hásetaverka í umrætt sinn.

Stefnandi hefur gefið skýrslu fyrir dómi, og samkvæmt framburði hans voru a.m.k. tveir undirmenn við það að bera til landganginn þegar slysið varð. Kvaðst stefnandi hafa tekið óbeðinn undir landganginn með þeim þar sem honum hafi sýnst þeir vera að kikna undan honum. Hann kvaðst hafa skorist beint inn í höndina á hvassri egg á landganginum. Aðspurður kvaðst hann hvorki hafa hrasað né runnið til og sérstaklega aðspurður kvað hann enga háлку hafa verið á bryggjunni og hafi verið ágætis veður og þurrt að hann minnti.

Vitnið Haraldur Árnason sjómaður gaf skýrslu fyrir dómi, en vegna mistaka við hljóðritun eyðilagðist skýrslan, og hefur ekki, þrátt fyrir tilraunir, tekist að hafa uppi á vitninu á ný.

Vitnið Páll Friðjónsson háseti gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann hafa verið bátsmaður á skipinu í umrætt skipti. Kvaðst hann hafa unnið við

að færa til landganginn ásamt tveimur undirmönnum, Haraldi og Arnljóti. Kvað hann stefnanda hafa tekið óbedinn undir landganginn, og kvað hann aðspurður stefnanda hafa verið undir greinilegum áfengisáhrifum.

Kvað vitnið Arnljót hafa verið að koma að þegar slysið varð, og taldi vitnið ekki að þörf hefði verið á aðstoð stefnanda þar sem Arnljótur hefði getað tekið undir landganginn með þeim Haraldi. Kvað vitnið tvo menn vera vana að færa til landganginn. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um hvernig slysið vildi til, en aðspurt taldi vitnið engan vanbúnað hafa verið á landganginum.

Lögð hefur verið fram skrifleg skýrsla Arnljóts Arnarsonar háseta í umræddri ferð, og hafa lögmenn aðilja tekið skýrsluna gilda sem staðfesta. Ekki þorði vitnið að fullyrða hvernig stefnandi slasaðist, en taldi að það hefði verið á pílarum á hliðum landgangsins. Kvað vitnið stefnanda hafa verið undir áberandi áfengisáhrifum.

Með hliðsjón af framangreindum framburði vitna svo og stefnanda sjálfs verður ekki talið að skortur á undirmönnum á skipinu hafi valdið því að stefnandi þyrfti að ganga til verka með undirmönnum þegar slysið varð, heldur er upplýst að þeir undirmenn voru til staðar og var þó jafnan talið nóg að tveir menn flyttu til landganginn.

Ósannað er að umræddur landgangur hafi verið vanbúinn á þann hátt sem stefnandi heldur fram, og hefur vitnið Páll borið fyrir dómi, eins og að framan greinir, að það hafi ekki talið landganginn vanbúinn. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli á stefnda þar sem hann hafi látið hjá líða að halda sjópróf vegna slyssins.

Þegar slysið varð giltu um sjóferðapróf ákvæði 39. gr. 1. nr. 66/1963. Þar segir í 1. mgr.: „Nú gerist einhver atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo að nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla að tjón á þeim leiði af og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðaskýrslu. Svo er og er maður slasast eða ferst voveiflega eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum.“

Ákvæði þetta verður ekki túlkað svo rúmt að það hafi borið að halda sjópróf ef um óveruleg meiðsli á mönnum var að ræða sem fyrirsjáanlega hefðu ekki varanlegt heilsutjón í för með sér. Af hálfu stefnda er því haldið fram að meiðsli stefnanda hafi virst svo lítil í fyrstu, að ekki hafi verið talin þörf á sjóprófi vegna þeirra.

Í leiðabók skipsins hefur verið skráð svohljóðandi um slysið (sbr. dskj. nr. 3): „Um kl. 23 þegar Jóhann Þorvaldsson 2. stýrim. var að aðstoða háseta við að koma upp landgangi skarst hann illa á vísifingri hægri handar. Jóhann var strax sendur til læknis og voru saumuð 6-7 spor. Samkvæmt læknisvottorði er hann óvinnufær 7-12 daga. Vitni að atburðinum voru Páll

Friðjónsson bátsm., Arnljótur Arnarson viðv. og Haraldur Árnason viðv.“

Læknisvottorð það sem vísað er til í leiðabók liggur ekki fyrir í málinu, en á dskj. nr. 24 er læknisvottorð, dags. 5. maí 1986, frá sjúkrahúsi Akraness, undirritað af Guðjóni Guðmundssyni yfirlækni, svohljóðandi:

„Nafn sjúkl.: Jóhann Þorvaldsson, f. 07.08.53.

Bólstaðarhlíð 32, Reykjavík.

Nafnr. 5002-8895.

Slysdagur: 17.02.82.

Rétt eftir miðnætti þann 18.2. 1982 kom Jóhann á Slysastofu Sjúkrahúss Akraness. Hann hafði þá um hálf tíma áður verið að vinna um borð í ms. Grundarfossi, en hann var þar 2. stýrimaður og var verið að leggja að landi í Grundartanga. Hann var að setja landgang í land er hann skarst á hæ. vísifingri lófamegin.

Við skoðun hér kom í ljós að sárið lá lófamegin á hægri vísifingri yfir liðnum milli I. og II. kjúku. Var ekki alveg í miðlinu, heldur meira yfir að baugfingri. Sárið var nokkuð djúpt, en náði ekki inn að beini og hreyfingar í fingrinum, bæði að rétta og beygja, virtust vera í lagi skv. því sem skrifað er í slysastofu-sjúkraskrána. Einnig virtist snerti- og sársaukaskyn vera eðlilegt í fingrinum framan við sárið, þannig að reiknað var með að taugin væri þarna heil. Sárið var saumað saman og gengið frá því eftir að búið var að hreinsa það upp. Einnig var hann settur á Penicillin til öryggis. Átti að fara í saumatöku í Reykjavík og reiknað með að hann yrði frá vinnu í 7-12 daga. Ekki finnst neitt ritað um þennan sjúkling hjá okkur eftir að hann fékk gert að sárum sínum.“

Fallast má á það með stefnda að framangreindar upplýsingar um meiðsli stefnanda hafi ekki gefið tilefni til að halda sjópróf vegna slyssins.

Með hliðsjón af gögnum málsins og framburði aðila og vitna má telja upplýst að þegar slysið varð var stefnandi áberandi ölvaður. Hann greip inn í verk undirmanna án þess að aðstæður krefðu. Samkvæmt leiðabók skipsins var rigning og hvassviðri þennan dag og því hugsanlega hált á bryggjunni, og stangast það á við framburð stefnanda fyrir dómi um veðurfar. Þegar framangreint er haft í huga, svo og horft til þess að stefnandi lætur liða u.þ.b. hálf tanna ár þar til hann tilkynnir stefnda um hversu alvarleg meiðsli hans reyndust vera, þá þykir stefnandi verða að bera hallann af því að sönnun skortir um málsatvik.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-

dómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóhanns Þorvaldssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Jóhann Þorvaldsson, greiði stefnda, Eimskipafélagi Íslands hf., kr. 50.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1988.

Nr. 6/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Valgeiri Vesteini Jósafatssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. september 1987, og jafnframt af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar, en dómkröfur af hálfu ákærvalds eru þessar: „I. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er varðar sakfellingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar en refsing þyngd. II. Að ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu bóta og vaxta til X verði staðfest, en þó þannig, að hæstu löglegu vextir af höfuðstól reiknist frá 15. apríl 1987 í stað 27.3. s.á. til greiðslu-